

Fluttar	24	stundir á viku.
Söngur	2	— - —
(Handavinna	2	— - —
Leikfimi	2	— - —)

76

Samtals 30 kenslustundir á viku.

Ath.: Fleiri kenslugreinir má kenna, ef skólanefnd þykir þörf, og bæta þá við kenslustundum, þó ekki fleiri en svo, að hvert barn hafi í mesta lagi 6 stundir á dag.

Erindisbrjef

77

11. júlí

fyrir skólanefndir.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 59, 22. nóvbr. 1907, um fræðslu barna, eru sett eftirrituð ákvæði um skyldur skólanefnda.

1. gr.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í sínu skólahjæraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins. Hún semur reglugerð fyrir barnaskóla hjæraðsins, og sjer um að hún öðlist samþykki yfirstjórnar fræðslumála.

2. gr.

Skólanefnd ræður kennara skólans og sjer um að þeir geri skyldu sína; hún skal láta sjer ant um að ráða góða og vel hæfa menn, og skulu þeir, sem staðist hafa kennarapróf, jafnaðarlega vera látnir ganga fyrir öðrum.

3. gr.

Í lok hvers skólaárs skal skólanefnd auglýsa, á hverjum tíma beiðnir um undanþágu frá skólaskyldu eigi að vera til sín komnar. Undanþáguna veitir hún því aðeins, að fræðsla sú, er barnið fær utanskóla, verði jafngild þeirri fræðslu, er skólinn veitir.

Hún skal sjá um að öll þau börn á skólaskyldualdri, sem ekki hafa fengið undanþágu frá skólagöngu, sækji skóla hjæraðsins. En vanræki foreldrar, eða þeir aðrir, sem börn hafa til framfærslu, að senda þau í skólann hinn lögskipaða tíma, án þess að undanþága hafi verið veitt, skal skólanefndin kæra brotið til sekta fyrir lögreglustjóra, og sjer um greiðslu sektafjárins til sveitarsjóðs.

4. gr.

Skólanefndin skipar fyrir um próf barna í sínu skólahjæraði í samráði við prófdómanda þann, sem skipaður er af yfirstjórn fræðslumála, hún kærir til sekta þá, sem án gildra forfalla vanrækja að senda börn sín til prófs.

77

11. júlí.

5. gr.

Það er skylda skólanefndarinnar að lita eftir því, að börn á námsaldri njóti fullnægjandi fræðslu á heimilum sínum í þeim fræðigreinum, sem að lögum ber að kenna til 10 ára aldurs, og komist hún að raun um að kenslan sje ófullnægjandi, svo að líkur sjeu til, að eitthvert barn nái ekki fyrirskipuðu fræðslumarki, ber henni að vanda um við foreldra eða aðstandendur barnann, en reynist það árangurslaust, skal hún koma slíkum börnum fyrir þar sem þau fá nauðsynlega tilsögn.

Svo skal skólanefnd og hafa gætur á framförum barna á skólaaldri, þeirra er ganga í skóla hjeraðsins, og komist hún að raun um, að eitthvert barn sje svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til, að það nái ekki lögskipaðri kunnáttu áður en það er 14 ára fullra, ber henni að gera ráðstafanir til, að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn krefur, kaupa handa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, sem barnið hefir til framfærslu.

Hafi eitthvert barn, sem gáfnaskortur eða vanheilsa hamlar eigi, ekki náð hinu fyrirskipaða fræðslumarki við 14 ára aldur, ber skólanefnd að sjá því fyrir nægilegri tilsögn, og láta það ganga til prófs uns það er fullra 16 ára.

6. gr.

Skólanefndin hefir umsjón og eftirlit með skóla hjeraðsins, sjer um skólahúsið eða felur öðrum manni að sjá um það fyrir sína hönd. Hún annast að börnin fái nægilegar kenslubækur, og að fyrir hendi sjeu í skólanum þau kenslu-áhöld, sem fyrirskipað er að skólinn skuli hafa.

7. gr.

Það er skylda skólanefndarinnar að sjá um, að skólahúsið sje svo gott og hentugt, sem kostur er á, og að það fullnægi þeim kröfum um hollustuhætti, sem yfirstjórnin setur.

8. gr.

Áætlun um kostnað við skólahaldið ár hvert skal skólanefndin semja og senda bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð. Hún varðveitir fje það, sem veitt er til skólans, og hefir á hendi greiðslu þess til kennaralauna og annara þarfa skólans.

9. gr.

Beiðni um styrkveitingu til skólans úr landssjóði semur skólanefndin á ári hverju og sendir til yfirstjórnarinnar ásamt þeim skýrslum og skirteinum, sem yfirstjórnin fyrirskipar, eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga í máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.